

Tilurð og hugleiðing um siðferði stjórnlagagrunns

Þetta eru umræðudrög fyrir stjórnarskrá fyrir Endurreist Þjóðveldi. Skilgreining á *Þjóðveldi eða Lýðveldi þjóðar er „vald þjóðar til sjálfsákvörðunar.“* Þessi drög eru ætluð sem grundvöllur að samræðu en um leið til stefnumörkunar. Um margt eru þau auðlesnari og skýrari en núverandi stjórnarskrá Lýðveldisins Ísland, einnig skýrari hinum flóknu drögum frá 2012. Hvorutveggja hafa fáir séð sér fært að lesa ítarlega.

Sett markmið er að mynda umgjörð fyrir beint lýðræði með stofnun Endurreists Þjóðveldis. Því er viðeigandi að spyrja „hvað er Þjóðveldi?“ Þjóðveldi er vald þjóðar til sjálfsákvörðunar. Þá mætti spyrja „hvernig fæst þetta vald og hvaðan og hvað er sjálfsákvörðun, ennfremur hvað sé vilji þjóðar og hvernig er hann fundinn?“

Sjálfsákvörðun felst í þeim kjarki og krafti þjóðar að sameinast um framkvæmd á vilja sínum og sátt um hvernig hann sé framkvæmdur. Sjálfsákvörðun er þegar einstaklingur, eða þjóð sem hópur einstaklinga, vill og ræður eigin málum án þrýstings utanaðkomandi.

Vilji þjóðar finnist með *virðingarverðri samræðu og sátt um niðurstöðu kosninga og áframhald samræðunnar sem er sífellt endurmat.* Þess vegna skrifum við um skoðanir okkar og stofnum til málþinga þar sem þær má ræða og kjósa um niðurstöður - til að draga samtíðina úr stað en viðhalda sívirkum möguleika þjóðar á að móta, framkvæma og endurskoða vilja sinn.

Þeir sem stofnuðu þjóð okkar árið 930 skildu þetta. Þjóðveldi þeirra hélt velli í tæpar fjórar aldir og þurfti blóðug innanlandsátök að undirlagi og af fjármagni erlendra áhrifa til að koma því frá.

Það er afstaða Íslenska Þjóðveldisfélagsins að Þjóðveldið sé hið náttúrulega stjórnarfar Íslenskrar þjóðar, að Noregur hafi brugðist Gamla sáttmála, að þegar Alþingi gekk Danakonungi á hönd hafi það svikið þjóð sína og að Lýðveldið Ísland frá 1944 sem er arftaki Konungsríkisins Íslands (1918-1944) hafi svikist um að endurreisa beint lýðræði þjóðar sinnar.

Stjórnarskrá ríkis er sáttmáli við þjóð og það er skoðun þeirra sem standa að þessum drögum að Lýðveldið Ísland hafi svikið sáttmála sinn við þjóðina um virkt lýðræði.

Til gamans má benda á að hugtakið Þjóðveldi er ekki til á ensku nema notað sé orðið Republic. Enskt heiti er þó mikilvægt ef útskýra þarf eðli þjóðveldis erlendis. Hingað til hefur hugtakið Commonwealth verið notað á ensku, sem táknar annars vegar Breska samveldið og hins vegar nýlendurnar þrettán sem stofnuðu Bandaríki Norður Ameríku. Ræða mhugtök á borð við *National dominion, National Republic* eða enskt nýyrði. Orðin Democracy og Republic – í sögulegum skilningi fulltrúalýðræðis – ná skemur.

Í huga Íslendinga er hugtakið Þjóðveldi skýrt; það táknar sjálfstæð héraðsþing þar sem þingmenn voru frjálsir Íslendingar héraða sem þó gátu sett sig í lög annarra héraðsinga. Alþingi við Öxará táknaði *Allsherjarþing sameinaðra héraðsinga*. Þannig var Þjóðveldi samsett úr blöndu af beinu lýðræði héraðs og fulltrúa lýðræðis á Alþingi. Höfum í huga að engin lög á Íslandi banna íbúum þess að halda sín fornu héraðsþing.

Flestar hugmyndir í drögnum koma fram á vefslóðunum „frelsi.not.is“ og „hreinberg.is“.

Stjórnarskrá Íslenzka Þjóðveldisins

1. Fyrsta grein var bráðabirgðaákvæði frá 2013 til 2015 meðan grunnur þessarar stjórnarskrár var til umfjöllunar og hefur verið felld út. *Sjá bráðabirgða stjórnarskrá 2014.*
2. Íslenzka Þjóðveldið er lýðveldi sem byggir á beinu lýðræði Íslenzkrar þjóðar sem byggir eylandið Ísland í Norður Atlantshafi.
 - a. Þjóðveldið nær til þeirra héraða Íslensku eyjarinnar sem hafa virk héraðsþing frjálsra borgara og lýst hafa yfir fylgi við Þjóðveldi sitt.
3. Löggjafi þjóðríkisins er í höndum sjálfstæðra héraðsþinga og allsherjarþings er nefnist Alþingi og er hlutverk Alþingis að samræma heildarlöggjöf Þjóðveldis.
 - a. Hlutverk Lögsögumanns Alþingis er endurreist – en endurmótað – og má helst líkja nútíma hlutverki þess við samsett hlutverk Forseta Alþingis og Umboðsmanns Alþings.
4. Kosningar hafa úrslitavald í umræðum og ákvörðunum Þjóðveldis
 - a. Meirihlutaval í atkvæðagreiðslu milli tveggja valþátta miðast við hlutfallið sextíu prósent.
 - b. Náist ekki meirihluti skal kjósa að nýju (og ef aðstæður krefjast, að undangenginni auka umræðu).
 - c. Ógildar kosningar eru þar sem færri en sextíu prósent kjósenda taka þátt eða þar sem auð eða ógild atkvæði eru samanlagt sextíu prósent.
5. Hvert hérað hefur eigið þing sem haldið er ársfjórðungslega og nefnist Héraðsþing. Mannfjöldastærð þings og staðsetning er valin af staðháttum og aðstæðum.
 - a. Lagt er til að miðað sé við fjögur til sex þúsund manns á hérað og ekki sé lengra en klukkutíma akstur á þing í venjulegri fólksbifreið. Þannig má gera ráð fyrir að stórum bæjarfélögum og borgum sé skipt upp í héraðsþing eftir hverfum og fólksfjölda.
6. Héraðsþing koma saman ársfjórðungslega. Er mælt með janúar, apríl, júlí, og október.
 - a. Hvert héraðsþing hefur lögsögumann sem ber ábyrgð á setningu þess og þingsköpum.
7. Hvert héraðsþing er sjálfstætt í ákvörðunum er lúta að héraði eftir því sem við er komið og landssátt ríkir um.
8. Fullgildur ríkisborgari í héraði er sjálfkrafa þingmaður á héraðsþingi og hefur þar óskoraðan málsrétt og atkvæðisrétt.
 - a. Takmarka má atkvæðisrétt þannig: hafi borgari sniðgengið kosningarétt sinn tvenn þing í röð má meina honum að nýta atkvæði á þriðja þingi en ekki hinu fjórða.
 - b. Til greina kemur að nota sömu takmörkun sé borgari skattskuldgur.
 - c. Nýbúi sem gerist fullgildur ríkisborgari skal þreyta próf í þjóðtungu og skilningi á stjórnarskrá og grunn lagalæsi. Hugtakið nýbúi skilgreinir hvern þann sem fæddur

er af öðru þjóðerni eða sem ríkisborgari annars ríkis en/og hefur flutt búferlum til Íslenzka Þjóðveldisins og er virkur þáttakandi í samfélagi þess.

9. Fullgildur ríkisborgari hins Íslenzka Þjóðveldis:
 - a. er hver sá sem stenst fullnaðarpróf í þjóðtunga þjóðveldis,
 - b. er hver sá sem sýnt hefur fram á lágmarks skilning á stjórnarskrá og grunn lagalæsi samkvæmt opinberu matsprófi,
 - c. er sannanlega búsettur í héraði og gildur þáttakandi í sínu samfélagi,
 - d. grunnskólanámi skyldi ljúka með fullnaðarprófi úr þjóðtunga og stjórnarskrá.
10. Til hinnar Íslensku þjóðar telst hver fullgildur ríkisborgari þjóðveldis.
 - a. Hver íbúi þjóðveldis nýtur mannréttinda samkvæmt ákvæðum Viðauka II. Sjá: Viðauki II - við grein 10.a
11. Alþingi er kosið til beinu persónukjöri af vorþingi Héraðs. Einn alþingis maður og einn varamaður.
 - a. Hver alþingismaður situr í eitt ár í senn og meðmælt að sitji ekki þrjú kjörtímabil samfleytt.
 - b. Sumarþing í héraði getur heimkallað alþingismann sinn og sent varamann í hans stað.
12. Alþingi setur þau lög sem skuli sameiginleg öllum héruðum.
 - a. Héruð geta krafist endur umræðu laganna, sem þá eru ósamþykkt, sé það gert með 2-8-8 reglu.
 - b. Að öðrum kosti eru lög gild samkvæmt settum ákvæðum sínum.
 - c. Alþingi er mannað þingmönnum, einum frá hverju héraði, auk varamanns og situr hver þingmaður í eitt ár og aldrei fleiri en þrjú kjörtímabil samfleytt.
13. Alþingismaður sé bundinn af kosningaheitum sínum við hérað, sannanlega búsettur í heimahéraði.
 - a. Hann sé virkur þátttakandi héraðsþings að því er héraðsþing metur.
14. Þjóðveldi kýs forseta í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu.
 - a. Forseti þjóðveldis stundi sín störf utan sviðs stjórn mála.
 - b. Forseti þjóðveldis er andlit þjóðar sinnar gagnvart öðrum þjóðríkjum og sameiningartákn innanlands.
 - c. Forseti þjóðveldis, ásamt Lögsögumanni Alþingis, er verndari stjórnarskrár.
15. Stökum greinum stjórnarskrá má breyta samkvæmt 2-8-8 reglu, sem er svohljóðandi:
 - a. 2 merkir að 20% héraðsþinga geta sameignlega krafist umræðu um breytingar á stakri grein og sú umræða fari fram á næsta þingi.
 - b. 8 merkir að 80% kjörsókn þarf um breytinguna á því héraðsþingi sem hún er rædd.
 - c. 8 merkir að 80% atkvæða þarf að vera samþykkt breytingu svo hún hljóti samþykki og er ígildi þjóðaratkvæðis þegar öll héraðsþing hafa afgreitt samkvæmt b. lið.
16. Upplýsingaskylda þjóðveldis:

- a. Varðveisla allra opinberra upplýsinga og framkvæmd með aðgengi borgara og þinga að upplýsingum skal vera á höndum Upplýsingastofnunar. Starfsrammi Upplýsingastofnunar er skilgreindur í Viðauka VII.
 - b. Engum upplýsingum yngri en tveggja ára má leyna fyrir Alþingismönnum né lögsögumönnum héraða.
 - c. Engum upplýsingum eldri en tveggja ára má leyna fyrir ríkisborgara Þjóðeldis.
17. Dómarar, Fógetar (Sýslumenn) og Lögreglustjórar héraða eru kosnir almennum kosningum og sitja til þriggja ára í senn.
- a. Ef dómari dæmir gegn stjórnarskrá telst það glæpur gegn þjóð og/eða réttarmorð?
18. Eigi má dæma íbúa Þjóðveldis til refsingar nema samkvæmt lögum og að undangenginni sönnunarbyrði fyrir dómi. Þegar fullnaðardómi er náð má eigi þvingja refsingu.
19. Um dómsstig og dómstóla
- a. Landsdómur er jafngildi hæstaréttar og sker úr um allsherjarlög og áfrýjaða dóma til endurmats.
 - b. Hvert hérað hefur héraðsdómstól sem dæmir samkvæmt lögum héraðs og í mörgum tilfellum allsherjarlögum.
 - c. Dómarar Þjóðveldis séu kosnir af almenningi og sitja hámark sex ár í embætti. Sé skortur á dómurum getur Alþingi skorað á hæft fólk til framboðs.
 - d. Allir dómur séu kveðnir fjölskipuðum dómi þriggja til sjö dómenda og sé dómur gildur sé hann einhuga.
 - e. Komi síðar í ljós að dómur sé réttarmorð skulu dæmendur sjálfkrafa útlægir í tólf ár. Réttarmorð telst þegar hluti dóms eða allur var að ósekju.
 - f. Alþingi skilgreinir lög um framkvæmd dóma og almenn hegningarákvæði gegn lögbrotum.
20. Útlægur telst sá sem missir lagalegan rétt innan Þjóðveldis að öllu nema ríkisfangi sem er ósviptanlegt.
- a. Landsréttur kveður upp útleðardóma. Alþingi skilgreinir hæli sem veita má útlægum sem ekki geta eða vilja fullnusta útleð utan Þjóðveldis.
21. Ríkisstjórn Þjóðveldis er kosin í þjóðaratkvæðagreiðslu sem situr til þriggja ára:
- a. Væntanlegur forsætisráðherra stillir upp lista yfir tilvonandi ráðherra og er kosið um listann. Hver ráðherra ráðinn á faglegum forsendum af Alþingi.
 - b. Ráðuneyti ríkisstjórnar s.s. fjöldi þeirra og meginsvið (valdsvið eða verklag) skulu ákveðin í stjórnarskrá með Viðauka VIII.
22. Grunnsköttun Þjóðveldis er bundin í stjórnarskrá:
- a. Hvaða skattar, skatthlutfall, innheimtufyrirkomulag skal skilgreina í Viðauka sem kjósa þarf um í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2-8-8 reglu.
 - b. Eina áminning sem *hið opinbera kerfi* má (hugsanlega) nota til að áminna borgara sína um skyldur sínar við samfélagið er að meina notkun atkvæðisréttar á einu

héraðsþingi (að hámarki). **Andi þeirrar áminningar er sá að atkæði og lýðræði er ekki sjálfgefið heldur verðmætt.** Sjá viðauka VI.

- c. Ekki má leggja nein refsigjöld, sektir eða vexti á opinber gjöld eða vanskil þeirra.
 - d. Ekki má taka greiðslu opinberra gjalda af borgurum Þjóðveldis með neins konar þvingunaraðgerðum, refsialögum né vöxtum. Opinber gjöld eru eðlis síns samkvæmt sett á borgarann og telst það næg þvingun, skyldi borgurum treyst af hálfu hins opinbera til að axla ábyrgð á sameiginlegum skyldum sínum.
23. Hámarks vextir skulda, lána eða stýrivextir séu ákveðin í Þjóðaratkvæðagreiðslu til þriggja ára í senn.
- a. Verðtrygging sé ákveðin í Þjóðaratkvæðagreiðslu – ásamt regluverki hennar – á tíu ára fresti.
 - b. Hvað er fjárkúgun? Þegar Innheimtufyrirtæki tekur við milli innheimtu þá hækkar skuld um 90% á mánuði, tveim mánuðum síðar er hún 110% til 150% hærri en höfuðstóll og hefur milliliðurinn neitunarvald um greiðsluháttu.
24. Skilgreining Þjóðarauðlinda sé ákveðin í Þjóðaratkvæðagreiðslu á þrjátíu ára fresti.
- a. Verði aðili fyrir sannanlegum skakkaföllum af völdum þessa ákvæðis skal Alþingi ganga til samninga um viðeigandi bætur á tjóni.
25. Kjósa skal leynilegri kosningu á kjörstað í héraði, hver sem kosningin er.
- a. Framkvæmd kosninga og úrvinnsla á niðurstöðum og eftirlit:
 - i. er framkvæmd af Fógeta í héraði,
 - ii. úrvinnsla er á hendi Upplýsingastofnunar í héraði,
 - iii. allt ferlið undir eftirliti á vegum Forseta Þjóðveldis.
 - b. Öllum Íslenskum ríkisborgurum skal gert unnt að fylgjast með beinum eða óbeinum hætti með umræðum sem leiða til kosninga, ef ekki í heimahéraði þá rafrænt eins og kostur er.
 - c. Kæra vegna framkvæmdar kosninga skal umsvifalaust rannsökuð í sameiningu af Upplýsingastofnun, Yfirfógeta Þjóðveldis og fulltrúa Forseta Þjóðveldis og vera lokið innan þriggja mánaða.
26. Skilgreining á stjórnarskrárbrotum og viðurlög skulu lögð til af Alþingi og samþykkt í Þjóðaratkvæði með 80% samþykkt.
- a. Stjórnarskrá er sáttmáli Þjóðar um skilgreiningu laga og réttar borgara innan ríkisheildar og því hlýtur brot á þeim samningi að vera glæpur gegn Þjóð.
27. Einkahagsmunir mega aldrei skyggja á og skerða almannahagsmuni.
- a. Ræða mætti innan héraðsþinga hvort eðlilegt sé að setja þak á stærð fyrirtækja og eignir einstaklinga ...
 - b. Ræða þarf hversu frjáls einstaklingur má eða á að vera með tilliti til samfélags og almannahagsmuna

28. Með engu móti má skerða heilsufrelsi, trúfrelsi, málfrelsi, kosningafrelsi, málsrétt á héraðsþingi (nema föngum), jafnrétti kynja, eignarrétt (sem ekki ógnar almannahagsmunum), ...
- Fangar eiga áheyrnarrétt í sínu heimahéraði, ef ekki staðvært þá rafrænt, hvert fangelsi á rétt til að velja sameiginlegan fulltrúa sinn gagnvart löggjafa til eigin réttargæslu.
 - Þjóðveldi hefur ekkert vald til að þvinga borgara sína í læknis- eða heilsuaðgerðir af neinu tagi og borgari sjálfur hefur úrslitavald um allar læknisaðgerðir varðandi eigin heilsu og barna sinna. Þá getur Þjóðveldi ekki meinað borgurum sínum ræktun eða framleiðslu náttúrulegra afurða til einkaneyslu.
29. Íslenska Þjóðveldið má enga alþjóðasamninga, né alþjóðlegar skuldbindingar, gera án opinberrar umræðu og skal hver slíkur samningur lagður í þjóðaratkvæði.
30. Enginn alþjóða samningur né skuldbinding má afsala með neinum hætti valdi Þjóðveldis yfir sjálfu sér.
- Ekkert opinbert fyrirtæki á vegum Þjóðveldis getur nýtt auðlindir án opinberrar umræðu eða að eigin geðþótta.
 - Ekkert erlent fyrirtæki getur gert samninga við opinber fyrirtæki eða stofnanir Þjóðveldis sem njóti leyndar umfram það sem ákvæði um Upplýsingaleynd leyfir.
31. Enginn erlendur lögaðili getur átt eignir innan Þjóðveldis nema samkvæmt undanþágu frá Alþingi sem samþykkt sé í því héraði sem téðar eignir eru staðsettar í.
32. Íslenska Þjóðveldið ætlar ekki að ryðja Lýðveldinu Ísland til hliðar eða velta því úr sessi.
- Viðhorf Þjóðveldis til byltingar og valdbeitingar er sú að um ofbeldi sé að ræða og slíkt sé andstætt virðingu, opinni samræðu og virku lýðræði. Þjóðveldi fordæmir alla valdbeitingu ríkisvalds gegn borgurum sínum. Ennfremur fordæmir Þjóðveldi allan hernað.
33. Íslenska Þjóðveldið stendur utan allra hernaðarbandalaga, starfrækir engan her og er bönnuð öll þáttaka í hvers konar stríðsrekstri eða hergagnaframleiðslu.
- Engum erlendum her af neinu tagi má leyfa afnot af né umferð um Íslenska lögsögu í lofti, láði eða legi.
 - Borgarar sem þess óska fá aðgang að viðeigandi tólum og þjálfun til að gera slíkum aðilum – ef landið yrði hersetið – erfitt um vik með einum eða öðrum hætti. *Líta mætti á starfsemi björgunarsveita sem form að slíku skipulagi, sem um leið gæfi þau skilaboð erlendis að í augum Íslendingar sé eðlilegri herþjálfun til hjálpar öðrum en til stríðsrekstrar og ofbeldis.*
34. Þjóðin skal sjálf ákvarða hver gjaldmiðill hennar sé eftir tillögum frá Alþingi og velja með þjóðaratkvæðagreiðslu
35. Þjóðfáni Íslenska Þjóðveldisins skal valinn í þjóðaratkvæði á aldarfresti. Sjá Viðauka IV.
36. Þjóðtunga Þjóðveldis er valin af þjóðinni sjálfri í þjóðaratkvæðagreiðslu.
37. Tilgangur Þjóðveldis er að bjóða þjóðinni valkost lýðræðis og færa henni aftur vald sitt.

- a. Þjóðveldið lýtur svo á að bæði ríkiskerfin séu hugmyndir og geti ríkt samhliða án skörunar.
 - b. Eðlilegt sé að bæði kerfin geti samið sín á milli um þau atriði er eðlilega skarast.
38. Fyrirtæki og/eða stofnun hefur veikari rétt en réttur einstaklings gagnvart lögum og eignarrétti. Nánari túlkun þessa ákvæðis skal skilgreind hjá Alþingi og samþykkt í þjóðaratkvæði á 30 ára fresti.
39. Allir ríkisborgarar Lýðveldisins Ísland geta komið yfir til Þjóðveldis fyrirhafnarlaust.
- a. Þjóðveldið skuldbindur sig til að virða þinglýstar eignir s.s. jarðeignir, húseignir og fastamuni borgara sinna eins og þær voru þinglýstar fyrir 1. október 2008, og þær eignir sem þeir eiga þinglýstar án vafa fram að þeim degi er þeir skrá sig sem borgara Þjóðveldis.
 - b. Þjóðveldið skuldbindur sig til að hafna öllum skulda kröfum á hendur borgurum sínum sem stofnaðar eru fyrir 10. desember 2012.
 - c. Fyrirtæki í Lýðveldinu Ísland geta fylgt eigendum sínum yfir til Þjóðveldis á sama grundvelli og borgarar, að því tilskyldu að þær felli niður allar skuldakröfur sínar á borgara Þjóðveldis miðað við regluna hér að framan.
 - d. Borgari kemur yfir til Íslenska Þjóðveldisins með óflekkað mannorð og hreinan skjöld (rétt eins og Þjóðveldið sjálft).
 - i. Engin sakaskrá, vanskilaskrá, ...
40. Starfsemi félaga sem halda félagskrá sinni leyndri eða fundargerðum, lögum og reglum er með öllu bönnuð innan Íslenska Þjóðveldisins.
41. Engri stofnun Þjóðveldis – né einkaaðila - er heimilt að viðhalda og safna á einn stað upplýsingum um borgara án þeirra leyfis og án þess að þeir hafi aðgang að.
- a. Borgari getur krafist þess að einstakar upplýsingar um sig og sína hagi séu leyndar ef hann telji það ógna persónuvernd, svo fremi að almannahagsmunir séu virtir.
 - b. Upplýsingastofnun ber að setja alla staðla um upplýsingageymd og upplýsingavinnslu. Slíkir staðlar séu opnir til rýni og umræðu.
 - c. Upplýsingastofnun ber ennfremur að skilgreina og skipuleggja gagnaöryggismál eftir starfsreglum þar að lútandi frá ... ?
 - d. Upplýsingastofnun ber ábyrgð á að varðveita réttindi borgara sinna um persónuvernd samkvæmt reglu þessari.
42. Stofnanir Þjóðveldis – og forstöðumenn þeirra – heyra beint undir Alþingi.
- a. Alþingi er heimilt að veita ráðherrum ríkisstjórnar vald yfir stofnunum. Héraðsþing geta haft áhrif á þetta atriði samkvæmt 2-8-8 reglu.
43. Engin eldri lög annarra ríkja á Íslandi eru sjálfkrafa gild í Þjóðveldi. Þó getur Alþingi þjóðveldis mælt með inntöku eldri laga sem þá þarf að ræða á Alþingi sérstaklega og skilgreina inn í virkt lýðræðislegt ferli.
- a. Hugtakið önnur ríki merkir: Þjóðveldi þjóðveldisaldar frá 930 til 1264, Ísland sem Norskt og síðar Danskt sjálfstjórnar hérað eftir Gamla sáttmála 1262-4, Ísland sem

hérað í Danska konungsveldinu eftir Kópavogsfundinn 1662, Konungsríkið Ísland 1918 til 1944, Lýðveldið Ísland frá 1944, eru önnur ríki með önnur lagasöfn.

44. Aðsetur Alþingis, Forseta og stjórnar sé við Þingvelli sé því viðkomið eða þar í grennd. Þá skyldi aðgengi að svæðinu vera greiðfært, landsvæðið skylgreint þjóðareign, og ætíð auðvelt að halda þar Þjóðveldishátíð ef og þegar þjóð vill.
45. Alþingi getur skilgreint viðauka við einstakar greinar stjórnarskrár sem þá séu samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslum á vegum héraðsþinga samkvæmt 2-8-8 reglu.
46. Engin húsvanin dýr (húsdýr, búfénað, gæludýr) má deyða án dóms.
 - a. Taka skal fyrir hvern einstakling fyrir sig.
 - b. Hvert húsvanið dýr skal skrásetja hjá hagstofu Þjóðveldis í þar til gerðan gagnagrunn og örmerkt og er eigandi/forráðamaður ábyrgur fyrir velferð þess og skráningu.
 - c. Villt dýr má leyfa veiðar á til mannelis en ekki til notkunar sem hráefni að öðru leyti nema lög tilgreini sérstaklega.
47. Stofnunum þjóðveldis er stýrt með lýðræði.
 - a. Forstjórar þeirra þjóða sig fram til kosningar af starfsfólki og þurfa að standast spurningar af hálfu tilvonandi starfsmanna. Svo er einnig um forstöðufólk deilda og vinnuhópa.
 - b. Til greina kemur að Héraðsþing og Alþingi móti vinnureglur til að stofnanir njóti einnig utanaðkomandi ráðgjafar eða verklagsreglna þar sem það þykir eiga við, en slíkt þarf að njóta samþykkis viðeigandi þinga.
48. Borgari héraða getur fært þingsókn og þannig beitt héraðsstjórn *borgaralegum þrýstingi með móttpróa eða sniðgengi* telji hann ástæðu til og er sú ástæða ætíð virt og er að jöfnu lagt hvort um sé að ræða einstaklings framtak eða skipulagðar aðgerðir hóps.
 - a. Í engu má refsa borgara sem beita þessum rétti og er vísað til þess að hann hvorki beiti ofbeldi né skemmdarverkum. Aðrar aðgerðir en hér eru nefndar skulu einnig virtar, með sömu skilyrðum.
 - b. Að fornri hefð hefur borgari héraðs rétt til að flytja þingsókn sína – og þar með virka þáttöku á héraðsþingi á milli héraða, ásamt skattgreiðslum – í þeim tilgangi að beita héraðsstjórn þrýstingi, móttpróa eða sniðgengi.
 - c. Ekki má takmarka þennan rétt í neinu, en sú krafa er gerð að borgari lýsi aðgerð sinni opinberlega, bæði á því héraðsþingi sem hann yfirgefur og því héraði sem hann flyst til.
 - d. Þá er virt sú aðgerð, gagnvart Þjóðríkinu, að borgari getur – að undangenginni opinberri yfirlýsingu – neitað skattgreiðslum af sömu ástæðu, en á meðan slíkri aðgerð stendur hefur borgari ekki atkvæðisrétt á héraðsþingi, en þó óskoraðan málsrétt og þingsetu.

Viðaukar

Eftirfarandi er einfaldur listi yfir hugsanlega viðauka við þau drög sem hér hefur verið stungið upp á til umræðu.

- I. Um beint vald þjóðar yfir stjórnarskrá, hugrekki til mistaka, vilja til endurmats, virðingu fyrir samræðu og umfram all: Ríki er ekki sett yfir þjóð heldur á þjóð að vera sett yfir ríkið – ef lýðveldi skal nefnast.
- II. Við grein 10.a. – sjá aftar í skjalinu.
- III. Ræða mætti hugmyndir á borð við borgaralega þjónustu og umbun t.d. með tilliti til framhaldsnáms og/eða nýsköpunar. Ræða mætti gildi nýsköpunar fyrir virkni samfélags og uppgötvun ótroðinna slóða sem gæfu meir en *ýmislegt sem er þungt í vöfum sem hefur umdeildar afleiður*.
- IV. Við grein 35. Þjóðfáni ríkis er nátengdur því sem ríkið stendur fyrir svo og sögu þess og hugarmynd í huga einstaklinga og þjóðar. Árin 1874 til 1918 var Hvítbláinn sem svo er nefndur táknmynd frelsisbaráttu þjóðarinnar. Þegar Konungsríkið Ísland var reist stakk Danakonungur upp á dekkri lit í blámann og að settur yrði rauður kross í hinn hvíta af menningarlegum ástæðum. Hér er stunið upp á Hvítbláanum í breyttri mynd, þ.e. krossinn er stílfærður á svipaðan hátt og Svissneski fáninn en það ríki hefur viðhaldið frelsi sínu um aldir og þar er lýðræði og lýðræðisvitund afar sterk s.s. með tilliti til Kantona (Héruð) og þjóðaratkvæðagreiðslna. Auk þess sem langt er liðið frá frelsisbaráttu sem Konungsríkið og síðar Lýðveldið hafa skrumskælt.
- V. Viðauka skýring við grein 22: **Valdið er buddan. Gegnsæi skiptir engu ef borgarinn hefur ekki valdið.** Ekki er komin tillaga að þessum viðauka enn.
- VI. Viðauki við grein 22.b. Höfum eftirfarandi í huga: Til að beint lýðræði geti þrífist er nauðsynlegt að borgarinn átti sig á því, og finni til þess, að atkvæðisréttur og lýðræði er engan veginn sjálfgefið í sögulegu samhengi. Að borgari hafi rétt til áheyrnar og málsrétt eða þátttöku á þingi, svo og atkvæðisrétt, sé því ekki sjálfgefið með öllu.
- VII. Viðauki við grein 16.a. Skilgreina þarf betur rammann utan um Upplýsingastofnun til að tryggja sjálfstæði hennar og gegnsæi
- VIII. Viðauki við grein 21.b um Ríkisstjórn Þjóðveldis.

Viðauki II - við grein 10.a

Mannréttindaviðauki við Stjórnarskrá Endurreists Þjóðveldis Íslands

1. Dómstóll getur ekki dæmt fólk af heimili sínu nema tryggt sé að það hafi heimili að flytja til, ef nauðsynlegt er getur ríkiskerfið útvegað bráðabirgðahúsnæði.
2. Ríkinu er óheimilt að framselja borgara Þjóðveldis til annars ríkis.
3. Öðrum ríkjum er óheimilt að svipta borgara Þjóðveldis eignum sínum, þar með töldum börnum og dýrum – þó borgarinn sé þar búsettur - án þess að dómstóll Þjóðveldis hafi af því afskipti, og er þá hitt ríkið skaðabótaskyld.
4. Brjótí borgari Þjóðveldis lög annars ríkis – annars en Lýðveldisins – og sé þar búsettur, þá ná lög þess ríkis yfir borgarann en hann á rétt á að fullnusta dóms fari fram innan Þjóðveldis og kröfu um að Þjóðveldi sæki þann rétt fyrir hans hönd.

- Ekkert ríki getur sótt til saka Borgara Þjóðveldis né handsamað nema fyrst sanna fyrir hæstarétti – Landsdómi – Þjóðveldis að eiga réttmæta kröfu á hann, takist að sanna slíka kröfu getur ríkið handsamað borgarann einungis sé hann staðsettur á lögsagnarumdæmi þess ríkis en í engu ef hann er staðsettur innan lögsögu Þjóðveldis og í engu má Þjóðveldi handsama borara Þjóðveldis fyrir hönd annars ríkis og framvísa þangað.
5. Brjóti borgari Þjóðveldis lög hins „Íslenska Lýðveldis frá 1944“ ná lög þess yfir glæpinn því aðeins að þau brjóti ekki í bága við lög Þjóðveldis. Annars á hann rétt á vernd Þjóðveldis, og skaðabótum af hálfu Lýðveldisins.
 6. Ríkið getur ekki svipt foreldri umráðarétti yfir barni sem ekki er orðið kynþroska. Þá hefur ríkið ekki vald til að ákveða fyrir hönd barns hvers kyns uppeldi það skuli njóta – eða menntunar – telji foreldri annað.
 7. Ríkið hefur víkjandi rétt gagnvart borgara í málum sem ríkið höfðar gegn borgara, og því hærri sönnunarbyrði. Þetta á einnig við þegar ríkið neitar borgara um þjónustu.
 8. *Borgari Þjóðveldis á rétt á því að vera óskrásettur. Nær þetta til allrar skjölunar sem hann varðar frá fæðingarvottorði, kennitölu, dánarvottorði, svo og til allrar skjölunar. Þess er vænst að Héraðsþing gæti þessa réttar – nú kann þetta að bitna á kosningum, þingsetum og sköttun, og sjúkrasögu, en þess er vænst að hugvit í hverju héraði fyrir sig finni viðeigandi lausn.*
 9. Ríkið hefur ekki vald til að meina borgara að reisa sér húsnæði til búsetu að eigin geðþótta. Ennfremur á borgari rétt á því að marka sér land til íbúðar á landsvæðum sem eru skilgreind sem héraðs-, ríkis- eða bæjareign, án endurgjalds, og þá lagt fram með ákveðnum hætti á héraðsþingi.
 10. Þjóðveldi ber skylda til að standa vörð um skoðana- og tjáningafrelsi án nokkurra skilyrða.
 11. Þjóðveldi starfræki lagaþjónustu sem borgarar geti nýtt sér til óháðrar lagaráðgjafar og þá sér að kostnaðarlausu. Þjónusta þessi sé ekki skyldug til að reka mál fyrir rétti.
 - Mælt er með því að lögfræðingar fái ekki málafærsluréttindi eftir laganám nema hafa starfað „Pro Bono“ hjá sambærilegri þjónustu hálf t. á að lágmarki.